

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 28. desember 2018 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-62/2018.

I

Álitaefni og kröfugerð

Pann 12. ágúst 2018 bað X, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna skoðunar á bifreið af hálfu Y, hér eftir seljandi. Álitsbeiðandi telur að skoðun seljanda á bifreiðinni hafi verið ófullnægjandi sem hafi leitt til þess að skipt var um bremsudiska og bremsuklossa í bifreiðinni þrátt fyrir að ekki hafi verið þörf á því. Krefst álitsbeiðandi endurgreiðslu á þeim kostnaði.

II

Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Í lögum nr. 87/2006 segir að aðilar, sem greinir á um réttindi sín samkvæmt lögum um lausafjárkaup nr. 50/2000, lögum um þjónustukaup nr. 42/2000 og lögum um neytendakaup nr. 48/2003, geti beðið kæruneftndina um álit á ágreiningnum.

Hinn 13. desember 2018 var álitsbeiðanda sent bréf frá nefndinni þar sem óskað var eftir gögnum til stuðnings kröfum álitsbeiðanda, en engin gögn hafa verið lögð fram í málinu. Óskað var eftir greiðslukvittun fyrir skoðun þá sem deilt er um, skoðunarskýrslu auk annarra gagna sem stutt geta við kröfu álitsbeiðanda, ef til eru.

Kæruneftndinni hefur ekki borist svar við framangreindu bréfi. Í 2. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa segir:

„Í álitsbeiðni skal lýst því ágreiningsefni sem leitað er álits á og þeim kröfum er beiðandi gerir á hendur gagnaðila. Kröfurnar ber að rökstyðja. Álitsbeiðninni skulu fylgja þau sönnunargögn um málsatvik sem tiltæk eru.“

Í 1. mgr. 7. gr. sömu reglugerðar segir að nefndin taki afstöðu til þess hvort ágreiningur heyri undir hana og hvort ágreiningur sé þess eðlis eða studdur þeim gögnum að nefndin geti tekið efnislega afstöðu til ágreiningsins með álitsgerð. Telji nefndin svo ekki vera skal hún vísa máli frá. Þá vísar kæruneftndin máli frá ef mál er svo óljóst, illa upplýst eða krafa aðila svo óljós að málið er ekki tækt til álitsgjafar.

Á grundvelli þessa telur nefndin óhjákvæmilegt að vísa álitsbeiðni þessari frá.

IV

Álitsorð

Álitsbeiðni X er vísað frá kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Áslaug Árnadóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson